

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 339 frá 2. júlí 1984.

Menntamálaráðuneytið, 5. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

12. júlí 1988

Nr. 357

AUGLÝSING

um flugvallagjald.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 31, 27. mars 1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, og með vísan til auglýsingar nr. 72/1988 um þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1988—1991 hefur ráðuneytið ákveðið að flugvallagjald, sem greinir í 8. og 9. gr. laganna, skuli, frá 1. ágúst 1988 að telja, vera vegna millilandaflugs 900,00 kr., en vegna flugs innanlands 120.00 kr.

Um innheimtu gjaldsins, skil þess og viðurlög ef út af er brugðið vísast til ákvæða framangreindra laga.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

12. júlí 1988

Nr. 358

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 402/1986, um sérfræðileyfi tannlækna.

1. gr.

1. mgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Þeir tannlæknar, sem fullnægt hafa ákvæðum 5. gr. lið I, II og III fyrir gildistöku reglna þessara skulu fram til 31. desember 1988 undanþegnir ákvæði 5. gr. lið IV og V.

2. gr.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.